

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Grindavíkurbæ.

Svartsengi, iðnaðarsvæði og svæði verslunar og þjónustu.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 28. apríl 2020 breytingu á deiliskipulagi í Svartsengi. Í breytingunni felst að stækkaðir eru byggingarreitir afmarkaðir fyrir kæliturn OV7, lokahús og hljóðdeyfa OV7 og skiljustöð OV5. Einnig er afmarkað byggingar- og framkvæmdasvæði stækkað. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með auglýsingu þessari fellur niður áður auglýst deiliskipulag, sbr. auglýsingu nr. 454/2020 um breytingar á deiliskipulagi í Grindavíkurbæ.

Grindavíkurbæ, 27. október 2020.

Atli Geir Júlíusson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2020